

387. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 15. apríl 2026 kl. 17:00.



Mættir: Willum Þór Þórsson forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Anton Sveinn McKee, Hafsteinn Pálsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Kári Mímisson, Sigurjón Sigurðsson, Trausti Gylfason, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Teams: Elsa Nielsen og Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir.

Forföll: Daníel Jakobsson gjaldkeri, Heimir Örn Árnason, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Þórdís Anna Gylfadóttir.

Dagskrá:

1. Kynning á verkefnum markaðsnefndar ÍSÍ

Hjördís Guðmundsdóttir formaður upplýsinga- og fjölmiðlanefndar ÍSÍ/markaðsnefndar fór yfir verkefni nefndarinnar og ræddi ásýnd ÍSÍ og merkjanotkun. Nýr vefur ÍSÍ er nú kominn í loftið en vinnu við yfirfærslur á gögnum er ekki lokið og taka þarf ákvörðun um ýmsar undirsíður sem tengjast verkefnum ÍSÍ. Nefndin mun skoða á næstu vikum ýmis atriði varðandi ásýnd ÍSÍ, til samræmingar og einföldunar.

Forseti þakkaði Hjördísi fyrir góða yfirferð.

2. Starfssemisyfirlit:

2.01 Samantekt skrifstofu.

Lögð fram. Umræður urðu um ýmsa liði í samantektinni.

2.02 Samantekt svæðisstöðva.

Lögð fram.

2.03 Heiðranir

Heiðursviðurkenningar, sem framkvæmdastjórn samþykkti með rafrænum hætti á milli funda, formlega staðfestar í fundargerð:

- FRÍ – Gullmerki ÍSÍ – Freyr Ólafsson fráfarandi formaður
Silfurmerki ÍSÍ – Örvar Ólafsson og Sonja Sif Jóhannsdóttir
- HHF - Silfurmerki ÍSÍ – Þórður Sveinsson
- ÍA - Silfurmerki ÍSÍ – Þórður Elíasson og Viktor Elvar Viktorsson

2.04 Skipan stjórnar Íslenskra getrauna 2026 – 2028

Bréf frá mennta- og barnamálaráðherra um staðfesta skipan stjórnar Íslenskra getrauna lagt fram. Hafseinn Pálsson er aðalmaður í stjórn og Elsa Nielsen er varamaður.

2.05 351. fundur Afrekssjóðs ÍSÍ

Lögð fram fundargerð 351. fundar Afrekssjóðs ÍSÍ, til upplýsingar.

2.06 Fundargerð AMÍ

Lögð fram fundargerð frá fundi AMÍ frá 5. mars sl.

2.07 Fréttatilkynning frá ÍRB og ÍS

Lögð fram fréttatilkynning frá ÍRB og ÍS þar sem tilkynnt er um heildstæða úttekt á kostum og göllum á sameiningu héraðanna.

3. Fjármál

Fyrirhugað var að kynna endurskoðaðan ársreikning ÍSÍ á fundinum en í ljósi forfalla Daníels Jakobssonar gjaldkera var samþykkt að fresta málinu til næsta fundar.

4. Stefnumótun

Forseti fór yfir stöðu mála. Fundahald er á fullu úti um allt land og gengur mjög vel. Hann fór yfir helstu þætti sem endurtekið hafa komið upp í umræðum á fundunum. Tveir fundir eru fyrirhugaðir á næstu dögum fyrir höfuðborgarsvæðið og nágrenni og hvatti forsetinn framkvæmdastjórnarfólk að mæta til þeirra funda.

Umræður urðu um málið og ýmsa þætti því tengdu.

5. Erindi til framkvæmdastjórnar

5.01 IOC vegna keppnisflokka kvenna

Tekið fyrir erindi frá Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC) þar sem kynnt er stefna Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC) um vernd kvennaflokks í ólympískum íþróttum og leiðbeinandi atriði fyrir alþjóðasambönd og íþróttasamtök.

Forseti ræddi erindið. Um er að ræða nýja stefnu í málaflokkinum og fellur þá fyrri stefna úr gildi. Umræður urðu um málið og áhrif þess á íþróttastarfið.

Vísað til Velferðarnefndar ÍSÍ og Afreksmiðstöðvar Íslands (AMÍ) til upplýsingar.

5.02 KSÍ – áskorun frá ársþingi

Lögð fram áskorun frá ársþingi KSÍ til yfirvalda íþróttamála, sveitarfélaga, ÍSÍ og UMFÍ þar sem stjórn KSÍ skorar á framangreinda að taka höndum saman um markvissar aðgerðir til að jafna augljósan aðstöðumun íþróttafólks á landsbyggðinni með því að mæta þeim ferðakostnaði sem íþróttafélag og foreldrar á landsbyggðinni glíma við.

Forseti greindi frá umræðunum á málþingi sem var haldið í tengslum við KSÍ þingið.

Forseti áréttaði að ÍSÍ er ekki fjárveitingavaldið í þessum efnum og að skýrt væri í Íþróttalögunum hver bæri hvaða ábyrgð.

Fundarmenn hafa áhyggjur af því að aukafjárframlag til Ferðasjóðs íþróttafélaga verði eins skiptis aðgerð og falli niður á næsta ári.

5.03 Erindi Rafíþróttasambands Íslands

Tekið fyrir erindi frá Rafíþróttasambandi Íslands (RÍSÍ), umsókn og fylgigögn, þar sem óskað er eftir fundi með ÍSÍ til að ræða nýja umsókn RÍSÍ um skilgreiningu hefðbundinna rafíþróttasem íþrótt sem og praktískar úrlausnir svo unnt sé að taka málið til afgreiðslu.

Forseti hefur fundað einu sinni með framkvæmdastjóra RÍSÍ vegna málsins.

Umræður urðu um málið.

Vísað til forseta, framkvæmdastjóra og stjórnarsýslusviðs að skoða og halda samtalinu gangandi áfram.

5.04 KÍ – vegna undirbúnings umsóknar um þjóðarleikvang í klifri

Lagt fram erindi Klifursambands Íslands (KÍ) vegna undirbúnings umsóknar um þjóðarleikvang í klifri.

Forseti greindi frá samskiptum á milli ÍSÍ og KÍ vegna málsins. Toppstöðin er búin að semja við Reykjavíkurborg um að klifur fari þangað inn. Samkvæmt reglugerð um þjóðarleikvanga þá er það á höndum ÍSÍ að útbúa rökstuda tillögu um að íþróttamannvirki verði skilgreint sem þjóðarleikvangur að undangenginni umsókn viðkomandi sérsambands. Umsögn og samþykki sveitarfélags sem á mannvirkið eða ber ábyrgð á því, sbr. 10. gr., skal fylgja umsókn. Umsögn héraðssambands þar sem mannvirkið er staðsett skal einnig fylgja umsókn.

Málið er áfram í vinnslu hjá ÍSÍ og KÍ.

Forseti upplýsti að fleiri íþróttagreinar séu komnar af stað með vinnslu erinda varðandi þjóðarleikvanga.

Rætt um stöðu mála varðandi þjóðarhöll fyrir innanhússíþróttir en sé litið til fjármálaáætlunar þá er ekki annað að sjá en að töf verði á þeirri framkvæmd, sem eru ekki góðar fréttir fyrir íþróttahreyfinguna.

6. Ársþing sambandsaðila

Forseti skýrði frá undangengnum þingum. Hann þakkaði þeim sem hafa tekið að sér þingheimsóknir.

7. Til afgreiðslu:

7.01 Úthlutunarreglur um kostnaðarþátttöku ungmenna í landsliðsstarfi

Vísað er til breytingar sem samþykkt var á reglunum seint á árinu 2025.

Staðfest formlega að gildistími þeirrar breytingar sé frá 1. janúar 2025 og ber að reikna endurgreiðslur út frá þeim gildistíma vegna ársins 2025.

Tillaga AMÍ um viðbótar úthlutun vegna þessa, samþykkt samhljóða.

7.02 Breyting á úthlutunarreglum um kostnaðarþátttöku ungmenna í landsliðsstarfi

Lögð fram tillaga AMÍ að breytingu á úthlutunarreglum um kostnaðarþátttöku ungmenna í landsliðsstarfi sem gildir um endurgreiðslur vegna ársins 2026.

Olga Bjarnadóttir, formaður AMÍ skýrði undanfara þessarar breytingar.

Umræður urðu um málið.

Breytingarnar samþykktar með öllum atkvæðum nema einu. Viðar Garðarsson greiddi atkvæði á móti breytingunni og óskaði eftir því að eftirfarandi yrði bókað:

„Ég, Viðar Garðarsson, greiði atkvæði á móti þessari tillögu. Það er byggt á þeirri bjargföstu skoðun að mikilvægara sé að mæta þeim afreksiðkendum frá sérsamböndum sem þurfa að greiða úr eigin vasa hundruðir þúsunda til þess að keppa á erlendri grund fyrir hönd þjóðarinnar. Fremur en að opna fyrir umsóknir iðkenda frá þeim sérsamböndum sem hafa getað full fjármagnað þátttöku iðkenda sinna.“

7.03 Fundargerð 386. fundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Tekin fyrir fundargerð 386. fundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Engar athugasemdir voru gerðar og var fundargerðin samþykkt.

7.04 Fundargerð 3. fundar laganefndar ÍSÍ 2026 og minnisblað Helgu Þórðardóttur er varðar afgreiðslu erinda.

Teikin fyrir fundargerð 3. fundar laganevndar ÍSÍ og minnisblað Helgu Þórðardóttur lögfræðings varðandi afgreiðslu erinda. Einnig lagður fram tölvupóstur frá formanni HHF vegna erindis sem tekið var fyrir á fundi laganevndar.

Tillögur laganevndar ÍSÍ um afgreiðslu erinda, skv. fundargerð, voru samþykktar samhljóða.

8. Viðburðir

Farið yfir viðburði sem framundan eru og mönnun þeirra.

9. Næstu fundir

Næstu fundir verða miðvikudagana 20. maí og 24. júní nk. Einnig verður haldinn sérstakur fundur þann 5. júní, með stjórn UMFÍ, um stefnumótun íþróttahreyfingarinnar.

10. Önnur mál

YOBE – fundur ungs stjórnarfólks í Ólympíunefndum í Evrópu

Kári Mímisson sótti fundinn fyrir hönd ÍSÍ og greindi hann frá því helsta sem þar var tekið fyrir. Hann greindi frá ósk um að Íslandi haldi þennan fund árið 2028. Ljóst er að kostnaður hlýst af gestgjafahlutverkinu og þarf að skoða alla þætti áður en til ákvörðunar kemur. Vísað til framkvæmdaráðs ÍSÍ til skoðunar, með hliðsjón af öðrum verkefnum á næstu árum.

Starfsskýrsluskil

Lögbundinn skilafrestur starfsskýrslna rennur út í dag, 15. apríl.

Sviðsstjóri stjórnáslusviðs fór yfir stöðu skila. Skrifstofa óskar eftir heimild til að veita stutta fresti til skila á starfsskýrslu til þeirra sem þess óska með formlegum hætti. Um er að ræða fresti vegna þess að viðkomandi einingar hafa ekki haldið aðalfund og geta því ekki uppfyllt skil á ársreikningi.

Samþykkt að veita skrifstofu heimild til að vinna með fresti allt að 20. maí nk.

Málið verður aftur á dagskrá á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

Ný vefsíða ÍSÍ

Hjördís Guðmundsdóttir vakti athygli á því að ný vefsíða ÍSÍ væri komin á laggirnar. Hrósaði hún Írisi Elfu Þorkelsdóttur kynningarstjóra ÍSÍ og öðrum í starfsliði skrifstofunnar fyrir þennan stóra áfanga. Enn er verið að vinna gögn inn á síðuna en full virkni er komin á flestar upplýsingasíður heimasíðunnar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir